

# Ungt fólk 2016 - Kynningafundir

**verða haldnir í Varmárskóla og Lágafellsskóla í október**

## Taktu daginn frá!

**Varmárskóli**
13. október kl.8:15

**Lágafellsskóli**
14. október kl.8:15



**Kynningafundir á niðurstöðum könnunar sem Rannsókn og greining gerði á lýðheilsu nemenda úr 8. -10. bekk og fram fór í grunnskólunum á vorönn 2016.**

Kynntar verða niðurstöður varðandi líðan nemenda í skóla, samskipti, samveru við foreldra, svefnvenjur, tölvunotkun, áfengis og fíkniefnaneyslu og fleira er áhrif hefur á almenna lýðheilsu og vellíðan ungmenna.

Könnunin var gerð í öllum sveitarfélögum landsins á sama tíma og er það menntamálaráðuneytið sem lætur framkvæma hana. Á fundinum verða niðurstöður fyrir Mosfellsbæ í heild, höfuðborgarsvæðisins og landsins alls  kynntar sem og þróun milli ára rakin.

Kynningin er ætluð foreldrum barna  í 5. – 10. bekk svo og öðrum áhugasömum um lýðheilsu ungs fólks í Mosfellsbæ. Um kynninguna sjá Jón Sigfússon og Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Háskóla Reykjavíkur.

Fundurinn stendur í eina klukkustund og í boði verður kaffi og rúnstykki frá kl. 8:00.

**Hvetjum foreldra eindregið til að mæta á annan hvorn fundinn og fá innsýn í áhrifaþætti í umhverfi barna sinna svo og aðra sem koma að vinnu og samskiptum við þennan aldurshóp.**

MOSFELLSBÆR